

2. Fundargerð Stýrihóps Heilsueflandi samfélags í SKOGN.

2. Júlí 2020

Mættir voru: Hrönn Jónsdóttir, Karen Óskarsdóttir, Bjarni H. Ásbjörnsson og Gunnar Gunnarsson (ritar fundargerð). Elin Mokvist gat ekki mætt en var upplýst um málefni.

Efni:

- Farið var yfir erindisbréf stýrihópsins. Erindisbréfið var samþykkt af sveitarstjórn 1. Apríl 2020.
- Hvað er í gangi núna: þarfagreining sem spyr íbúa hvað er þörf á að gera til að bæta aðstæður/möguleika fyrir hreyfingu og útiveru.
 - o Rætt um að senda aftur út á miðlanna og pinna upp á samfélagshópum. Hópurinn mun síðan hittast í haust til að vinna úr niðurstöðum þarfagreiningarinnar og koma með hugmyndir að verkefnum fyrir næsta ár og sækja þá um fjárheimildir fyrir þeim.
 - o Einnig kom fram að Bjarni hafði komið að vinnu um Atvinnumálafestfönd sveitarfélagsins og þar séu punktar sem fjalla um lýðheilsu. Hann ætlar að grafa upp vinnuþögg frá þessari vinnu. Tökum þetta með í þarfagreininguna.
 - o Einnig kom Hrönn með hugmyndir að ýmsum námskeiðum sem myndu dreifast yfir árið. Til dæmis straumvatnsnámskeið í samstarfi við Drumboddaða eða Manna frá Langholtskoti
 - o Í samhengi mætti jafnvel búa til Google my maps með yfirlit hvar er hægt að gera hvaða útivist og/eða leigja tæki og áhöld.
- Verkefni sem eru í gangi í Heilsueflandi Uppsveitum voru kynnt: fella- og fjallgönguverkefnið Upp í sveit, Hollt og gott úr sveitinni, bæði verkefni má finna undir www.sveitir.is, undir Heilsueflandi Uppsveitir. Eins kynnti Gunnar verkefni sem enn er verið að undirbúa: Bjóðum ömmu og afa í ferðalag. Það gengur út á að fjölskyldan bjóði ömmu og afa í ferðalag um uppsveitirnar og þá til fyrirtækja sem hafa tekið jákvætt í að vera með í þetta verkefni. Ef Covid leyfir er einnig inni myndinni að halda 1 eldri borgara viðburð, t.d. rúta þar sem keyrt er á milli staða og fyrirtækja sem taka á móti þeim. Heilsueflandi Uppsveitir er vinnuheitid fyrir samstarfi sveitarfélaganna í uppsveitunum í því að hafa sameiginlegan verkefnastjóra.
- Ræddum um hvað TurfHunt ratleikinn og kyndilgönguna um sveitina. Mögulega að hjálpa til við að halda kyndlinum gangandi. Spurning að fá myndir og/eða vídeó af einhverjum að ganga, sem og Hrönn er búinn að gera.
 - o Gunnar: ég er búinn að kaupa aðgang að þessum TurfHunt ratleikargerðar forriti þannig að við, skólinn eða aðrir geta búið til ratleiki fyrir samfélagið. Getum haft 1 og stundum 2 leiki í gangi í einu.
- Stika og skilta gönguleiðina meðfram Kálfá. Eftir fundinn er ég (Gunnar) búinn að setja upp eitt skilti með hreystiæfingum, það er staðsett neðan við tjaldsvæðið. Nálágt norðvestur hornstaurnum.
- Rætt var um hugsanlega lokun á Skeiðalaug og mögulegum mótvægisáðgerðir, eins hvernig megi þróa Neslaug. Eins rætt um líkamsræktaraðstöðu í Brautarholti og í félagsheimilinu í Árnasi. Hvernig mætti þróa einfalda og góða aðstöðu, mögulega í anda Crossfit, og þá án þess að vera kaupa sérhæfð dýr líkamsræktartæki.

- Mögulegan viðburð til að bjóða Landlæknir á til að undirrita samning um Heilsueflandi samfélag í Skeiða- og Gnúpverjahrepp. Mögulega verður erfitt að halda svleiðis viðburð í réttunum vegna COVID fjöldatakmarkanna. Kannski er álitlegra að hafa frekar viðburð í kringum grunnskólan. Það var t.d. engin vorhátíð hjá þeim og það mætti vera í staðinn með hausthátíð og þá hafa undirritunina sem hluti af því. Búið er að senda fyrirspurn til sveitarstjóra og sveitarstjórnar að ræða heppilegan dagsetningu/viðburð.
- Gunnar upplýsti einnig um uppsetningu á hreystiskiltum í Árnasi (neðan við tjaldsvæðið, meðfram Kálfá) og í Brautarholti (inná leikskólasvæði).
- Nefdarmenn fá laun fyrir fundarsetu og þess vegna þarf að gera fundargerð og munum við skiptast á að skrifa hana.
- Næsti fundur verður 13. Ágúst, daginn eftir 1. Sveitarstjórnarfund eftir sumarfrí.